

Veitur ohf.
Ársreikningur 2019

Veitur ohf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

kt. 501213-1870

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjárfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Veitur ohf. er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Aðal starfsemi félagsins er dreifing rafmagns og framleiðsla og dreifing á heitu vatni.

Fjöldi ársverka hjá félaginu á árinu 2019 er 229,1 (2017: 204,4 ársverk).

Hagnaður af rekstri Veitna ohf. á árinu 2019 nam 2.935 milljónum kr. (2018: 3.404 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í árslok 99.176 milljónum króna (31.12.2018: 92.657 milljónir kr.). Eigið fé nam 54.608 milljónum kr. í árslok (31.12.2018: 49.542 milljónir kr.) og var eiginfjárlutfall félagsins 55,1% (31.12.2018: 53,5%).

Félagið er að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur - Eigna ohf., en það félag er að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Engar breytingar urðu á eignarhaldi á tímabilinu.

Stjórn Veitna leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til eiganda á árinu 2020 vegna rekstarársins 2019 að fjárhæð 3.000 milljónir kr. Vísað er að öðru leyti til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

Samhliða samstæðuársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur er gefin út ársskýrsla OR 2019. Skýrslan er samþætt og unnin í samræmi við leiðbeiningar Nasdaq OMX Nordic. Í henni er gert grein fyrir stjórnarháttum, umhverfismálum, starfsmannamálum og félagsmálum eins og krafa er gerð um í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Í skýrslunni er einnig gert grein fyrir viðskiptalíkani OR samstæðunnar, helstu viðskiptaferlum og hagsmunaaðilum að rekstrinum. Í henni verður er grein fyrir mannréttindastefnu OR og hvernig OR spornar við svikum og mútum. Þá er í henni ávörp stjórnarformanns og forstjóra. Í viðauka með samstæðuársreikningi OR er gert nánari grein fyrir ófjárhagslegum upplýsingum.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Veitna ohf. gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í árslok og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu 2019.

Stjórn og framkvæmdastjóri Veitna ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019.

Reykjavík, 4. mars 2020

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Veitna ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Veitna ohf. („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda*. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar taka til upplýsinga í ársskýrslu, þó ekki ársreiknings og áritun óháðs endurskoðanda. Álit okkar nær ekki til upplýsinga í ársskýrslu eða annarra upplýsinga sem félagið gefur út. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni ársskýrslunnar og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli hennar og ársreikningsins, hvort upplýsingar í ársskýrslu séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í ársskýrslunni séu verulegar villur.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningi með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda, frh.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á álit okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við lýsum því yfir að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 4. mars 2020

Davíð Arnar Einarsson
Löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur	4	23.809.992	22.650.468
Söluhagnaður varanlegra rekstarfjármuna		0	312.197
		<u>23.809.992</u>	<u>22.962.664</u>
Orkukaup og flutningur	5	(6.206.168)	(6.130.902)
Laun og launatengd gjöld	6	(2.578.670)	(2.220.331)
Annar rekstrarkostnaður	7	(6.464.690)	(5.359.625)
Rekstrarkostnaður samtals		<u>(15.249.528)</u>	<u>(13.710.858)</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		8.560.463	9.251.807
Afskriftir	9	(3.270.254)	(3.158.322)
Rekstrarhagnaður (EBIT)		5.290.210	6.093.485
Vaxtatekjur		264.243	302.148
Vaxtagjöld		<u>(1.886.471)</u>	<u>(2.141.017)</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>(1.622.228)</u>	<u>(1.838.870)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		3.667.981	4.254.615
Tekjuskattur	8	(732.959)	(850.526)
Hagnaður ársins		<u><u>2.935.022</u></u>	<u><u>3.404.089</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	93.784.385	84.766.985
Eignarhluti í OR vatns- og fráveitu sf.	10	2	2
Fastafjármunir samtals		93.784.387	84.766.987
Viðskiptakröfur	11	1.980.274	2.262.700
Skammtímakröfur á tengda aðila	11,17	3.269.302	5.508.723
Aðrar skammtímakröfur	11	5.247	6.163
Handbært fé	12	137.046	111.956
Veltufjármunir samtals		5.391.869	7.889.542
Eignir samtals		99.176.255	92.656.530
Eigið fé			
Hlutfé		4.000	4.000
Endurmatsreikningur		31.188.429	28.267.276
Lögbundinn varasjóður		1.000	1.000
Óráðstafað eigið fé		23.414.150	21.269.748
Eigið fé samtals		54.607.579	49.542.025
Skuldir			
Langtímalán frá móðurfyrirtæki	13	31.796.443	31.751.225
Lífeyrisskuldbinding	14	723.084	682.404
Tekjuskattsskuldbinding	15	8.441.956	7.427.974
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		40.961.483	39.861.603
Viðskiptaskuldir	16	748.978	798.072
Næsta árs afborgun langtímalána við móðurfyrirtæki	13	802.859	757.919
Ógreiddir reiknaðir skattar		751.611	708.122
Skammtímaskuldir við tengd félög	17	681.975	402.060
Aðrar skammtímaskuldir	16	621.770	586.729
Skammtímaskuldir samtals		3.607.193	3.252.902
Skuldir og skuldbindingar samtals		44.568.677	43.114.505
Eigið fé og skuldir samtals		99.176.255	92.656.530

Eiginfjáryfirlit 2019

1.1.-31.12. 2019	Hlutfé	Endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2019	4.000	28.267.276	1.000	21.269.748	49.542.025
Endurmat, hækkun		5.163.165			5.163.165
Tekjuskattsáhrif af endurmati		(1.032.633)			(1.032.633)
Innlausn endurmats vegna afskrifta		(1.511.724)		1.511.724	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats		302.345		(302.345)	0
Greiddur arður				(2.000.000)	(2.000.000)
Hagnaður ársins				2.935.022	2.935.022
Eigið fé 31. desember 2019	4.000	31.188.429	1.000	23.414.150	54.607.579
1.1.-31.12. 2018					
Eigið fé 1. janúar 2018	4.000	29.549.905	1.000	18.583.031	48.137.936
Endurmat, hækkun					0
Tekjuskattsáhrif af endurmati		0			0
Innlausn endurmats vegna afskrifta		(1.582.256)		1.582.256	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats		299.627		(299.627)	0
Tillag í lögbundinn varasjóð				0	0
Greiddur arður				(2.000.000)	(2.000.000)
Hagnaður ársins				3.404.089	3.404.089
Eigið fé 31. desember 2018	4.000	28.267.276	1.000	21.269.748	49.542.025

Sjóðstreymisýfirlit 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		2.935.022	3.404.089
Leiðrétt fyrir:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		1.622.228	1.838.870
Lífeyrisskuldbinding, breyting		42.980	76.843
Tekjuskattur	8	732.959	850.526
Söluhagnaður fastafjármuna		0	(312.197)
Afskriftir	9	3.270.254	3.158.322
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>8.603.443</u>	<u>9.016.453</u>
Skammtímakröfur, lækkun		283.145	364.728
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(34.674)	26.861
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>8.851.915</u>	<u>9.408.042</u>
Innborgaðar vaxtatekjur og arður		264.441	304.142
Greidd vaxtagjöld		(1.028.429)	(1.105.026)
Greiddir skattar		(708.122)	0
Handbært fé frá rekstri		<u>7.379.805</u>	<u>8.607.158</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		(7.104.777)	(4.675.379)
Fé í ávöxtun hjá tengdum félögum		2.519.336	(589.430)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	396.799
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(4.585.441)</u>	<u>(4.868.010)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður		(2.000.000)	(2.000.000)
Afborgun lána frá móðurfyrirtæki		(769.273)	(1.758.005)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(2.769.273)</u>	<u>(3.758.005)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		25.090	(18.857)
Handbært fé í ársbyrjun		111.956	130.812
Handbært fé í árslok	12	<u>137.046</u>	<u>111.956</u>
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		(19.710)	(77.432)
Skammtímaskuldir, breyting		19.710	77.432
Langtímalán frá móðurfélagi, lántaka		0	31.894.964
Langtímalán frá móðurfélagi, afborgun		0	(31.894.964)
Aðrar upplýsingar:			
Veltufé frá rekstri		7.089.036	7.506.277
Veltufé frá rekstri greinist þannig:			
Hagnaður ársins		2.935.022	3.404.089
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi:			
Afskriftir		3.270.254	3.158.322
Söluhagnaður fastafjármuna		0	(312.197)
Verðbætur		859.433	1.036.871
Tekjuskattsskuldbinding		(18.652)	142.348
Lífeyrisskuldbinding		42.980	76.843
Veltufé frá rekstri		<u>7.089.036</u>	<u>7.506.277</u>

Skýringar

1. Félagið

Veitna ohf. er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið sér um dreifingu rafmagns og varmaorku frá lághitasvæði auk varmaorkuvinnslu á lághitasvæði auk reksturs á OR vatns- og fráveitu sem er rekið í sérstöku félagi. Það er með höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Félagið er að fullu í eigu OR Eigna ohf. sem er félag að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Ársreikningur Veitna ohf. er hluti af samstæðuársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður en þeim er lýst í skýringu 18.

b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að varanlegir rekstrarfjármunir hafa verið endurmetnir til gangvirðis.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Samanburðarfjárhæðir

Sammanburðarfjárhæðum skammtímakrafna og skammtímaskulda í efnahagsreikningi hefur verið breytt til samræmis við nýja flokkun. Endurflokkunin hefur engin áhrif á eigið fé.

e. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreikningsins krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum er að finna í skýrinu 9 um varanlega rekstrarfjármuni.

3. Starfspáttayfirlit

Árið 2019	Rafmagn	Heitt vatn	Annað	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	6.421.710	13.167.120	4.221.161		23.809.992
Tekjur milli starfspátta	565.352	2.089	0	(567.441)	0
	6.987.062	13.169.209	4.221.161	(567.441)	23.809.992
Orkukaup og flutningur	2.233.252	3.972.946	0	0	6.206.198
Annar rekstrarkostnaður	2.150.463	2.675.762	4.784.546	(567.441)	9.043.330
	4.383.715	6.648.708	4.784.546	(567.441)	15.249.528
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	2.603.348	6.520.500	(563.385)	0	8.560.463
Fjárfesting	2.325.449	4.709.424	89.615	0	7.124.488

Skýringar

3. Starfsþáttayfirlit frh.

Árið 2018	Rafmagn	Heitt vatn	Annað	Jöfnunar-færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	6.214.879	13.322.599	3.425.186	0	22.962.664
Tekjur milli starfsþátta	550.525	1.473	0	(551.998)	0
	6.765.404	13.324.073	3.425.186	(551.998)	22.962.664
Orkukaup og flutningur	2.281.806	3.849.126	0	0	6.130.932
Annar rekstrarkostnaður	1.765.669	2.530.770	3.835.485	(551.998)	7.579.925
	4.047.474	6.379.896	3.835.485	(551.998)	13.710.858
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	2.717.929	6.944.177	(410.299)	0	9.251.807
Fjárfesting	1.735.421	2.938.012	79.376	0	4.752.810

4. Rekstrartekjur

	2019	2018
Tekjur af sölu á rafmagnni	6.066.661	5.892.234
Tekjur af sölu á heitu vatni	12.822.203	12.655.246
Tekjur vegna tenginga	599.877	536.308
Sala þjónustu til tengdra aðila	2.945.283	3.008.852
Aðrar tekjur	1.375.968	557.827
	23.809.992	22.650.468

5. Orkukaup og flutningur

Orkukaup	4.265.990	4.158.681
Flutningur rafmagns	1.940.178	1.972.221
	6.206.168	6.130.902

6. Laun og launatengd gjöld

Laun	2.433.313	2.066.756
Mótframlag í lífeyrissjóði	321.017	275.103
Viðbótarframlag í lífeyrissjóðinn Brú	0	0
Önnur launatengd gjöld	220.602	193.783
Breyting lífeyrisskuldbindingar	73.843	104.576
	3.048.776	2.640.219

Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í reikningskilin:

Gjaldfært í rekstrarreikningi	2.578.670	2.220.331
Viðbótarframlag í lífeyrissjóðinn Brú	0	0
Eignfært á framkvæmdir	470.105	419.888
	3.048.776	2.640.219

Starfsmannafjöldi:

Fjöldi ársverka	229,1	204,4
-----------------------	-------	-------

Laun stjórnenda:

Laun til stjórnar og framkvæmdastjóra á árinu námu 32,8 milljónum kr. (2018: 36,8 millj. kr.).

Skýringar

7. Annar rekstrarkostnaður

	2019	2018
Rekstur veitukerfa og þjónusta við systurfélög	3.791.948	3.024.690
Þjónustusamningar	1.949.313	1.714.526
Rekstur fasteigna	185.804	167.238
Skrifstofukostnaður	146.910	122.515
Aksturskostnaður	253.756	233.012
Starfsmannakostnaður	136.958	97.644
	<u>6.464.690</u>	<u>5.359.625</u>

	2019	2018
Þóknun greidd til endurskoðanda		
Þóknun vegna endurskoðunar ársreiknings og könnunar árshlutauppgjöra	1.205	1.796
Önnur þjónusta greidd til endurskoðanda	617	934
Samtals þóknun greidd til endurskoðanda	<u>1.822</u>	<u>2.730</u>

8. Tekjuskattur

	2019	2018
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:		
Breyting á frestuðum tekjuskatti	732.959	850.526
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	<u>732.959</u>	<u>850.526</u>

	2019		2018	
Virkt skatthlutfall greinist þannig:				
Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt		<u>3.667.981</u>		<u>4.254.615</u>
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0%	733.596	20,0%	850.923
Fenginn arður	-	-	(0,01%)	(400)
Óskattskyldar tekjur	(0,02%)	(640)	-	-
Aðrir liðir	(0,00%)	3	(0,00%)	3
Virkur tekjuskattur	<u>20,0%</u>	<u>732.959</u>	<u>20,0%</u>	<u>850.526</u>

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

31.12.2019	Framleiðslu-kerfi	Dreifikerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausafjármunir	Samtals
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	66.207.806	133.406.627	297.450	167.221	200.079.104
Endurflokkun	3.746	4.808	(8.554)		0
Viðbætur á árinu	2.623.261	4.424.466	21.660	55.100	7.124.488
Endurmat	4.328.503	8.658.850	0	0	12.987.353
Staða í árslok	<u>73.163.315</u>	<u>146.494.751</u>	<u>310.556</u>	<u>222.321</u>	<u>220.190.944</u>
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	39.017.778	76.095.251	155.044	44.046	115.312.118
Endurflokkun	99	37	(137)		0
Afskrifað á árinu	1.038.206	2.203.328	3.251	25.467	3.270.254
Endurmat	2.649.985	5.174.203	0	0	7.824.188
Staða í árslok	<u>42.706.068</u>	<u>83.472.820</u>	<u>158.159</u>	<u>69.513</u>	<u>126.406.560</u>
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1.2019	27.190.028	57.311.376	142.406	123.175	84.766.985
Bókfært verð 31.12.2019	<u>30.457.247</u>	<u>63.021.932</u>	<u>152.397</u>	<u>152.808</u>	<u>93.784.385</u>
Upplýsingar um endurmetnar eignir í árslok:					
Endurmetið bókfært verð	30.457.247	63.021.932	152.397	152.808	93.784.385
Þar af áhrif endurmat	13.503.808	22.731.061	637	43	36.235.548
Bókfært verð án endurmat	<u>16.953.439</u>	<u>40.290.871</u>	<u>151.761</u>	<u>152.765</u>	<u>57.548.836</u>

Skýringar

9. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

31.12.2018

Heildarverð

Staða í ársbyrjun	65.557.660	130.044.041	284.689	111.274	195.997.664
Endurflokkun					0
Viðbætur á árinu	1.321.517	3.362.586	12.760	55.947	4.752.810
Endurmat	(671.371)	0	0	0	(671.371)
Staða í árslok	66.207.806	133.406.627	297.450	167.221	200.079.104

Afskriftir

Staða í ársbyrjun	38.596.235	73.964.008	151.638	28.683	112.740.565
Endurflokkun					0
Afskrifað á árinu	1.008.311	2.131.243	3.406	15.363	3.158.322
Endurmat	(586.769)	0	0	0	(586.769)
Staða í árslok	39.017.778	76.095.251	155.044	44.046	115.312.118

Bókfært verð

Bókfært verð 1.1.2018	26.961.424	56.080.033	133.051	82.591	83.257.100
Bókfært verð 31.12.2018	27.190.028	57.311.376	142.406	123.175	84.766.985

Endurmat

Í lok september 2019 var síðast endurmat á öllu veitukerfinu.

Við endurmatið eru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis. Framangreindar hækkningar eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á frestaðan tekjuskatt.

Gangvirði eignanna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnsverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á kostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar. Við þennan útreikning var stuðst við opinberar upplýsingar og rauntölur úr bókhaldi félagsins. Veitukerfi fyrir heitt vatn og rafmagn eru nýtt í starfsemi sem er háð sérleyfi og tekjumörk miða fyrst og fremst við breytingar á byggingarvísitölu. Tekið er tillit til þess við ákvörðun gangvirðis þessara kerfa.

Fasteignamat og váttryggingaverð

Í árslok 2019 var fasteignamat eigna félagsins sem metnar eru fasteignamati 8.683 milljónir kr. (2018: 8.282 milljónir kr.) og brunabótamat þeirra nam 9.335 milljónum kr. (2018: 9.523 milljónir kr.). Váttryggingarverðmæti eigna félagsins nam 135.413 milljónum kr. í árslok 2019 (2018: 130.076 milljónir kr.)

Virðisrýrnunarpróf

Virðisrýrnunarpróf voru gerð í lok nóvember 2019. Stuðst var við rauntölur fyrir janúar til september og útkomuspá fyrir október til desember til að staðfesta að bókfært verð eigna stæði undir væntu framtíðarsjóðstreymi. Virðisrýrnunarprófin voru gerð á tvær sjóðskapandi einingar; hitaveitukerfi og rafmagnsveitukerfi. Niðurstaða virðisrýrnunarprófanna leiddi ekki til virðisrýrnunar og engar vísbendingar eru um virðisrýrnun í árslok 2019.

Helstu forsendur virðisrýrnunarprófa eru eftirfarandi:

- Veginn fjármagnskostnaður (WACC) er 3,98% til 4,00% (2018: 4,57% til 4,66%)
- Framtíðartekjuvöxtur er áætlaður 0,60% til 0,65%, (2018: 0,40% til 0,52%)

Nánar er fjallað um endumat og virðisrýrnunarpróf í skýringu 18 b.

10. Eignarhlutir í öðrum félögum

Veitur ohf. eiga 0,1% hlut í OR vatns- og fráveitu sf. á móti 99,9% eignarhlut Orkuveitu Reykjavíkur. OR vatns- og fráveita sf. sér um vatnsöflun og dreifingu á köldu vatni auk reksturs fráveitu. OR vatns- og fráveita sf. er staðsett að Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík.

Skýringar

11. Aðrar peningalegar eignir

	31.12.2019	31.12.2018
Viðskiptakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur	2.040.274	2.325.700
Óbein niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(60.000)	(63.000)
	<u>1.980.274</u>	<u>2.262.700</u>
Skammtímakröfur á tengda aðila greinast þannig:		
Kröfur á móðurfyrirtæki vegna ávöxtunar á handbæru fé	2.545.957	5.058.859
Aðrar kröfur á tengda aðila í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur	723.345	449.864
	<u>3.269.302</u>	<u>5.508.723</u>
Krafa á félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar.....	139.692	96.245
Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Fjármagnstekjuskattur	4.000	4.197
Fyrirframgreiddur kostnaður	0	0
Aðrar kröfur	1.247	1.966
	<u>5.247</u>	<u>6.163</u>

12. Handbært fé

Handbært fé í lok ársins samanstendur af bankainnstæðum.

Félagið hefur gert samning við móðurfyrirtæki sitt um ávöxtun á lausu fé án bindingar. Krafa á móðurfyrirtækið vegna fjár í ávöxtun í lok ársins nemur 2.546 milljónum kr. (31.12.2018: 5.059 milljónir kr.) og er færð á meðal krafna á tengd félög í efnahagsreikningi.

13. Vaxtaberandi skuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Langtímaskuldir		
Langtímalán frá móðurfyrirtæki í ISK, verðtryggt	32.599.303	32.509.143
Næsta árs afborgun langtímalána	(802.859)	(757.919)
	<u>31.796.443</u>	<u>31.751.225</u>
Afborganir lána greinast þannig á næstu ár:		
Afborganir árið 2019.....	-	757.919
Afborganir árið 2020.....	802.859	781.973
Afborganir árið 2021.....	828.340	806.791
Afborganir árið 2022.....	854.629	832.396
Afborganir árið 2023.....	881.753	858.814
Afborganir árið 2024.....	909.737	-
Afborganir síðar.....	28.321.985	28.471.252
	<u>32.599.303</u>	<u>32.509.143</u>

14. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir lífeyrisskuldbinding vegna réttinda núverandi og fyrrverandi starfsmanna í réttindatengdum lífeyriskerfum. Skuldbinding þessi er vegna fyrirtækja sem sameinuðust Orkuveitu Reykjavíkur á sínum tíma. Eftir uppskiptingu Orkuveitu Reykjavíkur hvílir skuldbindingin nú á Veitum ohf.

Í árslok var áfallin lífeyrisskuldbinding félagsins metin um 753 milljónir kr., núvirt miðað við 2% vexti, að teknu tilliti til hlutdeildar í hreinni eign lífeyrissjóðsins (2018: 710 milljónir kr.). Félagið uppfærir lífeyrisskuldbindinguna samkvæmt mati tryggingastærðfræðings þegar það liggur fyrir ár hvert. Forsendur um lífslíkurlíkuru eru í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Áætluð hækkun skuldbindingarinnar á árinu byggir á almennri hækkun launa að teknu tilliti til vaxta. Hækkun skuldbindingarinnar á árinu er færð til gjalda í rekstrarreikningi á meðal launa og launatengdra gjalda. Sá hluti skuldbindingarinnar sem áætlaður er til greiðslu á árinu 2020 er færður meðal skammtímaskulda.

Skýringar

14. Lífeyrisskuldbinding, frh.

	31.12.2019	31.12.2018
Lífeyrisskuldbinding greinist þannig:		
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun.....	710.104	633.261
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna á árinu.....	(30.863)	(27.733)
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu á árinu.....	73.843	104.576
Lífeyrisskuldbinding í árslok.....	<u>753.084</u>	<u>710.104</u>
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar.....	723.084	682.404
Skammtíahluti lífeyrisskuldbindingar.....	30.000	27.700
	<u>753.084</u>	<u>710.104</u>

15. Tekjuskattsskuldbinding

	31.12.2019	31.12.2018
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	7.427.974	7.285.626
Áhrif af endurmati fastafjármuna	1.032.633	0
Aðrar breytingar	0	(56)
Reiknaður tekjuskattur ársins	732.959	850.526
Tekjuskattur til greiðslu	(751.611)	(708.122)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	<u>8.441.956</u>	<u>7.427.974</u>
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:		
Varanlegir rekstrarfjármunir	8.584.698	7.559.418
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	7.764	10.657
Lífeyrisskuldbinding	(150.617)	(142.021)
Frestaður gengismunur	111	(80)
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	0	0
	<u>8.441.956</u>	<u>7.427.974</u>

16. Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Almennar viðskiptaskuldir	<u>748.978</u>	<u>798.072</u>
Aðrar skammtíaskuldir greinast þannig:		
Ógreidd laun og launatengdir liðir	507.859	423.484
Næsta árs afborgun lífeyrisskuldbindingar	30.000	27.700
Ógreiddir virðisauka- og orkuskiptar	83.911	135.544
Aðrar skammtíaskuldir	0	0
	<u>621.770</u>	<u>586.729</u>

Skýringar

17. Viðskipti við tengda aðila

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn hennar, félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og stjórnarmenn og lykilstjórnendur í samstæðu Orkuveitunnar eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Neðangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við félagið á árinu. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

	2019	2018
Sala til félaga og stofnana í samstæðu Reykjavíkurborgar.....	1.124.902	1.059.612
Kaup af félögum og stofnunum í eigu Reykjavíkurborgar.....	22.012	82.524
Sala til tengdra aðila í samstæðu Orkuveitunnar.....	4.296.257	3.545.160
Orkukaup af tengdum aðilum í samstæðu Orkuveitunnar.....	(4.265.990)	(4.158.681)
Kaup á þjónustu og efni frá tengdum aðilum í samstæðu Orkuveitunnar.....	(5.315.822)	(4.266.965)
	<u>(4.138.641)</u>	<u>(3.738.348)</u>
Vaxtatekjur vegna ávöxtunar lausafjár hjá móðurfyrirtæki.....	236.819	270.245
Vaxtagjöld vegna langtímalána við móðurfyrirtæki.....	(1.886.783)	(2.141.315)
	<u>(1.649.965)</u>	<u>(1.871.070)</u>
Kröfur á tengd félög	31.12.2019	31.12.2018
Krafa á félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar.....	139.692	96.245
Krafa á móðurfyrirtæki, Orkuveitu Reykjavíkur.....	2.545.957	5.058.859
Krafa á systurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur - vatns- og fráveitu sf.....	718.541	443.299
Krafa á systurfélag Gagnaveitu Reykjavíkur ehf.....	4.804	6.565
Samtals kröfur á félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur.....	<u>3.269.302</u>	<u>5.508.723</u>
Skuldir við tengd félög		
Skuld við félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar.....	6.863	134.256
Skuld við systurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....	621.666	354.757
Skuld við systurfélag, Orku náttúrunnar ohf.	60.244	47.246
Skuld við móðurfélag, Orkuveita Reykjavíkur Eignir ohf.....	65	56
Samtals skuldir við félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur.....	<u>681.975</u>	<u>402.060</u>

Staða og frekari sundurliðun á langtímaláni við móðurfyrirtækið má finna í skýringu 13 og upplýsingar um laun stjórnenda má finna í skýringu 6.

Kröfur og skuldir við félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar eru meðal viðskiptakrafna og viðskiptaskulda í efnahagsreikningi. Upplýsingar um viðskipti tengdra aðila vegna hefðbundins heimilisreksturs eru ekki meðtaldar.

Skýringar

18. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum. Samanburðarfjárhæðum skammtímakrafna og skammtímaskulda í efnahagsreikningi hefur verið breytt til samræmis við breytta flokkun. Endurflokkunin hefur engin áhrif á eigið fé.

a. Tekjur

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

b. Varanlegir rekstrarfjármunir

i) Færsla og mat

Upphaflega eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir til eignar á kostnaðarverði sem samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru skráðir á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirið þeirra á endurmatsdegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkningar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskattsskuldbindingu. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlausn endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti sérstaka endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta varanlegra rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Framleiðsluferfi	14 - 50 ár
Dreifikerfi	10 - 100 ár
Aðrar fasteignir	25 - 50 ár
Aðrir lausafjármunir	5 - 25 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi.

Skýringar

18. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

b. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

iv) Virðisrýrnun

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna er yfirfarið á hverjum uppgjörstigi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Endurheimtanleg fjárhæð er metin út frá notkunarvirði. Notkunarvirði er ákvarðað á þann hátt að núvirða áætlað framtíðarfjárstreymi miðað við áframhaldandi nýtingu eignanna. Fjárstreymi er byggt á rekstraráætlun næstu fimm ára. Við mat á nýtingarvirði byggja stjórnendur á áætlun um framtíðar þróun starfseminnar, byggt er á bæði ytri og innri upplýsingum.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu 9 um varanlega rekstrarfjármuni.

c. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstigi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Tekjuskattshlutfall er 20% vegna ársins 2019.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstigi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingunni.

Tekjuskattseign sem myndast við upphaf skattskyldu er færð á sama tíma, í rekstrarreikning sem tekjur ársins.